

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatakí“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 4 920. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 230.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnuni skoðar, skal greitt gjald, kr. 12 300. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 18. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir og að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Eyrarsveitar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 22. febrúar 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Grundarfjarðar frá 22. febrúar 1985.

Breytingarnar eru þessar:

1. Við bæinn Hellnafell breytist landnotkun úr íbúðasvæði og opnu svæði í iðnaðarsvæði.
2. Landnotkun sunnan Hjaltalínsholts breytist úr opnu svæði og verður skógræktarreitur.
3. Landnotkun á horni Hrannarstígs og Grundargötu breytist úr skrudgardi í svæði fyrir opinbera byggingu.

Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.